

Yfyrskrift:	Stjórnarfundur Félags forstöðumanna ríkisstofnana			
Stjórnarfundur	Dagsetning:	2. nóvember 2021	Tími:	12:00 – 13:00
Fundarstaður:	TEAMS			
Fundarstjóri:	KS			
Ritari:	SJ			
Á fundinn mættu:	Ásdís Ármannsdóttir (ÁÁ), Eydís Líndal Finnbogadóttir (ELF), Harpa Þórsdóttir (HP), Kristján Sverrisson (KS), Steinn Jóhannsson (SJ) og Dagrún Hálfánardóttir framkvæmdastjóri félagsins.			
Fjarverandi:	Bergþóra Þorkelsdóttir (BÞ) og Gylfi Ólafsson (GÓ)			

Fundargerð stjórnarfundar FFR 2. nóvember 2021

1. Fundargerð 5. október 2021

Fundargerð stjórnarfundar 5. október sl. samþykkt.

2. Starfsreglur stjórnar

Farið yfir fyrirbyggjandi drög að starfsreglum stjórnar. Lagfæringar voru gerðar frá síðasta fundi eftir yfirlestur utanaðkomandi aðila.

Við undirbúning starfsreglnanna var m.a. horft til fyrri framkvæmdar félagsins. Starfsreglurnar voru samþykktar á grundvelli 6. gr. laga FFR. Reglurnar verða birtar á vef félagsins og félagsmenn upplýstir um þær.

3. Viðbótarlaun

Reglur um greiðslu viðbótarlauna forstöðumanna nr. 491/2019 ræddar. Stjórnarmaður lýsti reynslu sinni af umsókn um viðbótarlaun, ferlinu og afgreiðslunni. Fundarmenn sammála um að ferlið við umsókn og afgreiðsu umsókna um viðbótarlaun væri ógagnsætt og ekki nægilega skýrt hvenær forstöðumenn gætu átt rétt til viðbótarlauna, hvert á að senda umsóknir, hver eru rökkin á bak við t.d. ákvörðun um 15% versus 10 % viðbótarlaun (sbr. samantekt KMR) o.fl. Þá voru engin viðbrögð frá ráðuneytinu t.d. um móttöku umsóknar. Til upplýsinga kom fram að einn skólameistari hefði sótti um viðbótarlaun vegna Covid-álags. Skólameistarar voru komnir á fullt í smitrakningu. Vinnan sem skólameistarar fóru í vegna Covid er ekkert annað „sérstakt álag, t.d. vegna óvæntra eða ófyrirséðra ytri atvika, eða verkefna sem eru verulega umfram reglubundnar starfsskyldur og rúmast ekki innan venjubundinnar starfsemi stofnunar“, sbr. 4. gr. reglnanna. Viðkomandi

skólameistari fékk synjun. Þá er mjög á brattann að sækja í þessum efnum þar sem viðbótarlaunin þurfa að „r[ú]mast innan fjárveitingar viðkomandi stofnunar.“

Getur FFR leiðbeint félagsmönnum í þessu sambandi? Eða er það hlutverk KMR? Ákveðið að ræða á næsta samráðsfundi KMR og mögulega senda formlegt erindi á KMR vegna þessa.

Rætt um nefndarsetu forstöðumanna. Margir forstöðumenn sitja í mörgum nefndum á sama tíma auk ýmissa vinnuhópa/starfshópa. Þetta setur eðli máls samkvæmt auknar birðar á herðar forstöðumanna. Fróðlegt væri að vita hve margir forstöðumenn fá greitt fyrir sín nefndarstörf. Kanna á næsta samráðsfundi með KMR.

4. Starfshópur um betri vinnutíma

ELF tók nýlega við af SJ sem fulltrúi FFR í starfshópi um styttingu vinnutíma. ELF lýsir því að í hópnum er verið að fjalla um stöðuna á einstaka vinnustað/-stöðum. Hún veltir fyrir sér hvert hlutverk hennar sé í þessum hópi og þeim möguleika hvort að framkvæmdastjóri félagsins gæti tekið þátt í þessari vinnu fyrir hönd forstöðumanna. SJ lýsir því að þegar hópurinn tók til starfa hafi verkefnið verið að setja upp ferli til að innleiða verkefnið um styttingu vinnutíma. Nú eru flestar stofnanir komnar í gegnum innleiðingarferlið. Er nauðsynlegt að hafa forstöðumann á þessum fundum?

Til að dusta rykið af tilgangi þessa starfshóps mun DH finna bréfið þar sem óskað var eftir tilnefningu í starfshópinn. Í framhaldinu skoðar stjórn hvort nauðsynlegt sé að hafa fulltrúa þarna og ef svo, hvort að framkvæmdastjóri félagsins gæti setið í starfshópnum sem fulltrúi FFR.

5. Kjaramál. Næstu skref

Umræður um umboð stjórnar m.t.t. næstu skrefa félagsins í kjaramálum annars vegar almennt og hins vegar í framhaldi af álitum umboðsmanns Alþingis í desember 2020. Rætt hvort tilefni sé til að framkvæma könnun á meðal félagsmanna vegna þessa. Hugmyndir ræddar um að senda félagsmönnum könnun um launamál/launaröðun og spyrja m.a. um ánægju/óánægju félagsmanna með núverandi launakjör, afstöðu til væntanlegrar lagabreytinga sem taki af allan vafa um að framtíðarskipan launamála forstöðumála, t.d. hvort að ákvörðun launa sé stjórnvaldsákvörðun. Jafnframt væri hægt að leggja fram

opnar spurningar t.d. hvort félagsmenn hafi ábendingar um skipan launasetningar eða umbunar fyrir forstöðumenn og hvaða væntingar forstöðumenn hafi til félagsins um næstu skref í kjarabaráttu. Vilja félagsmenn t.d. koma á mögulegum launabreytingum byggðum á frammistöðumati, starfsreynslu, starfstíma, breyttu umfangi stofnana o.s.frv.?

Til að tryggja persónuvernd væri unnt að fara með slíka könnun í gegnum fyrirtæki sem sérhæfa sig í slíku. Mikilvægt að hafa í huga, ef af verður, að fara varlega í orðalag spurninga, til að skapa ekki óraunhæfar væntingar.

Niðurstaða umræðu sú að stjórn veit ekki afstöðu félagsmannamanna til þeirra lagabreytinga sem ráðuneytið hyggst gera á 39. gr. a. í framhaldi af niðurstöðu umboðsmanns Alþingis um laun og launaákvarðanir forstöðumanna ríkisstofnana. Að lokum var rætt hvort að tilefni væri til að leggja mál viðkomandi forstöðumanna sem fengu niðurstöðu umboðsmanns, fyrir dóm. Ákveðið að óska eftir að fá annan af umræddum forstöðumönnum á fund stjórnar og fara yfir málið og möguleg næstu skref.

6. Önnur mál:

a) Fundartími stjórnarfunda.

Ákveðið að kanna hvort að önnur hádegi en þriðjudagshádegi henti stjórnarmönnum betur til stjórnarfunda sem almennt eru haldnir í fyrstu viku hvers mánaðar. DH sendir niðurstöðu á stjórnarmenn.

b) Jólafundur félagsmanna.

Ákveðið að reyna að stefna að samverustund félagsmanna (jólástund) í byrjun desember og fá rithöfund til að lesa upp úr bók. Viðrum hugmyndina við aðra félagsmenn í heimsókn á Umhverfisstofnun og finnum mögulega sjálfboðaliða til að hýsa slíkan jólafund.